

Mánudaginn 30. október 1995.

Nr. 13/1995.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) f.h.

Félags flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR)

**Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi
(FOSA)**

Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ)

Starfsmannafélags Neskaupstaðar (ST.Nesk.)

Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR)

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Verkfallsheimild. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 18. október sl., er höfðað með stefnu birtri 4. apríl sl. .

Stefnandi er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), kt. 440169-0159, Grettisgötu 89, Reykjavík fyrir hönd eftirtalinna aðildarfélaga sinna:

Félags flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR), kt. 530169-1979, Reykjavíkurlflugvelli, Reykjavík, Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi (FOSA), kt. 580687-1729, Mánagötu 13, Reyðarfirði, Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ), kt. 560470-0109, Grettisgötu 89, Reykjavík, Starfsmannafélags Neskaupstaðar (St.Nesk.), kt. 451275-1519, Sverristúni 1, Neskaupstað og Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR), kt. 620269-3449, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, kt. 540269-6459, Arnarhváli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að eftirtaldar breytingar verði gerðar á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem birtist sem auglýsing nr. 68/1995 í B-deild stjórnartíðinda þann 27. janúar 1995. Breytingarnar feli í sér að tilgreind orð undir „starf“ falli út:

Stofnun.

Starf.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Veiðieftirlitsmenn (8) (SFR).

Fiskistofa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Fjórð.sjúkrahúsið

Neskaupstað.

Sjúkrahúsið Egilsstöðum.

Röntgentæknar (0,5) (St. Nesk.).

Sjúkraliðar (FOSA/SLFÍ)

morgunvakt (6)

gæsluvakt (2).

Samgönguráðuneyti.

Flugmálastjórn.

Aðstoðarmenn í flugstjórn (FFR).

Deildarstjóri loftferðaefirlits (FFR).

Eftirlitsmaður flugöryggistækja (FFR).

Eftirlitsmaður vinnuvéla (FFR).

Flugradíómenn (FFR).

Flugvallaeftirlitsmenn (FFR).

Flugvallaverðir (FFR).

Radíóeftirlitsmenn (FFR).

Umdæmissjórar (FFR).

Verkstjóri eftirlitsmanna (FFR).

Yfirverkstjóri (FFR).

Pá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. ákvörðun dómsins.

Dómkröfur stefnda eru aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að tildæmdur verði málskostnaður úr hans hendi samkvæmt mati Félagsdóms.

Til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en að í stað neðangreindrar tilgreiningar á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sbr. augl. nr. 68/1995:

Sjúkrahúsið Egilsstöðum.

Sjúkraliðar

morgunvakt (6)

gæsluvakt (2).

komi:

Sjúkrahúsið Egilsstöðum.

Sjúkraliðar

morgunvakt (2)

síðdegisvakt (2)

kvöldvakt (2)

gæsluvakt (1).

Þess er einnig krafist í varakröfu að stefnda verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati Félagsdóms.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi kveður málsástæður og önnur atvik vera þau að skv. 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 nái heimild til verkfalls ekki til starfsmanna sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu. Stefndi hafi birt skrá með auglýsingu nr. 68/1995, sem birst hafi í B deild stjórnartíðinda þann 27. janúar s.l. Á skránni eigi að vera tilteknir þeir starfsmenn eða þau störf sem unnin skuli í hugsanlegu verkfalli opinberra starfsmanna. Skráin feli í sér undantekningar frá meginreglunni um verkfallsrétt opinberra starfsmanna og því hafi stefndi sönnunarbyrðina fyrir því í hverju einstöku tilviki að fullnægt sé lagaskilyrðum fyrir undanþágu frá verkfallsheimild. Verði stefndi því að leggja fram fullnægjandi gögn fyrir því í hverju tilviki af hverju viðkomandi starfsmenn eigi að vera án verkfallsheimildar.

Þau félag opinberra starfsmanna sem standa að málssókn þessari gera þær athugasemdir við skrána sem marka megi af kröfugerð þessa máls. Rök fyrir athugasemdum félaganna eru þessi:

SFR gerir þá kröfu að 8 veiðieftirlitsmenn sem starfa á Fiskistofu verði teknir af skránni. Að mati félagsins standa engin rök til þess að telja störf veiðieftirlitsmanna falla undir „nauðsynlegustu öryggisgæslu“.

St. Nesk. gerir þá kröfu að af skránni verði felld orðin „Röntgentæknar (0,5)“. Við sjúkrahúsið á Neskaupstað er í fullu starfi einn röntgentæknir (röntgenmyndari) sem er félagsmaður St. Nesk. Að mati stefnanda er ekki lagaheimild til þess að ákveða að einstakir starfsmenn séu bæði í og ekki í verkfalli. Annað hvort starfi viðkomandi einstaklingur við „nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu“ eða ekki. Í fyrra tilvikinu sé hann án verkfallsheimildar en í því síðara ekki. Ekki sé heimilt að undanþiggja hann verkfallsheimild að hluta.

FOSA og SLFÍ andmæla því að sjúkraliðar við Sjúkrahúsið á Egilsstöðum, en 7 þeirra eru félagsmenn FOSA og einn félagsmaður SLFÍ, séu án verkfallsheimildar. Eftir því sem best sé vitað sé 7,2 stöðugildi sjúkraliða við sjúkrahúsið og virðist því átlun stefnda að auka þjónustu sjúkraliða komi til verkfalls.

FFR gerir viðtækar athugasemdir við skrá yfir starfsmenn Flugmálastjórnar sem eiga að vera undanþegnir verkfallsheimild. Skráin virðist þannig gerð af stefnda að miðað sé við óbreytta þjónustu

flugmálastjórnar komi til verkfalls. Að mati stefnanda ber einungis að sinna nauðsynlegustu öryggisgæslu í því tilviki. Starfsemi Flugmálastjórnar í verkfalli opinberra starfsmanna eigi því að miðast við að tryggja nauðsynlegt neyðar- og sjúkraflug. Hér verði að hafa í huga að við venjulegar aðstæður sé einungis sólarhringsvakt í Reykjavík og Keflavík, en annars staðar sé lokað utan auglýsts opnunartíma. Skapist neyð séu menn kallaðir út til starfa. Að mati stefnanda er eðlilegt að bregðast við sérstökum neyðartilvikum á svipaðan hátt, komi til verkfalls, með heimild í 20. gr. laga nr. 94/1986.

Almennt eru framangreind andmæli einnig studd þeim rökum að tilgreining á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. verði að vera ótvíræð þannig að ekki geti leikið vafi á við hvern sé átt með tilgreiningunni. Þá beri að tilgreina þau störf eða starfsmenn sem falla undir 3. tl. 1. mgr. greinarinnar. Óheimilt sé að semja um annars konar tilgreiningu eða vísa til þess að ákveðinn starfsemi eigi að sinna þrátt fyrir verkfall.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Um veiðieftirlitsmenn.

Því er mótmælt af hálfu stefnda að engin rök standi til þess að telja störf veiðieftirlitsmanna falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu í skilningi 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Veiðieftirlitsmenn eru starfsmenn Fiskistofu, sbr. lög nr. 36/1992, sem hefur með höndum framkvæmd laga um stjórnun fiskveiða. Hafi þeir fyrir stofnun Fiskistofu starfað sem starfsmenn sjávarútvegsráðuneytis og verið undanþegnir verkfallsheimild sem slíkir. Telur stefndi að þegar af þeirri ástæðu skuli þeir vera undanskildir verkfallsheimild, enda hafi störf þeirra í engu breyst.

Þá byggir stefndi á því að óhjákvæmilegt sé að fella störf veiðieftirlitsmanna undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 þar sem þeir sinni nauðsynlegustu öryggisgæslu. Störf veiðieftirlitsmanna miði meðal annars að því að hafa eftirlit með skráningu og aflamarki einstakra fiskiskipa, eftirlit með útflutningi og eftirlit með ferðum íslenskra og erlendra skipa, sbr. bréf Fiskistofu, dags. 5. maí 1995. Telur stefndi þau störf falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu með því að tryggt sé öryggi fiskimiðanna.

Röntgentæknar.

Stefndi byggir á því að ekki sé lagaheimild til þess að ákveða að einstakir starfsmenn „séu bæði í og ekki í verkfalli“, enda sé ekki hægt að undanþiggja hann verkfallsheimild að hluta. Tilgreiningin í auglýsingu nr. 68/1995 feli í sér að starfa skuli röntgentæknir í hálfu starfi við sjúkrahúsið á Neskaupsstað ef til verkfalls kemur. Um þörf fyrir starfsmanninn vísast til bréfaskipta stefnda við Sjúkrahúsið á Neskaupsstað.

Sjúkraliðar.

Stefnandi andmælir því að sjúkraliðar við Sjúkrahúsið á Egilsstöðum séu án verkfallsheimildar og telur að með auglýsingu nr. 68/1995 virðist stefnt að því að auka þjónustu sjúkraliða, komi til verkfalls. Þeim skilningi stefnanda er mótmælt. Við Sjúkrahúsið á Egilsstöðum séu heimil 8 stöðugildi sjúkraliða. Undanþága frá verkfallsheimild hafi náð til þeirra allra samkvæmt áðurgildandi skrá, sbr. auglýsingu nr. 27/1992, og skyldu þeir starfa eins og á stórhátíð. Breytingin samkvæmt hinni nýbirtu skrá miði því aðeins að því að tilgreining sé nákvæmari, en ósk þar að lútandi hafi komið fram af hálfu stefnanda. Þar sem tveir starfsmenn eru tilgreindir á gæsluvakt leiði það í raun til fækkunar en ekki fjölgunar, svo sem stefnandi hafi haldið fram. Svo sem fram kemur í bréfi fjármálaráðuneytis, dags. 5. maí 1995, geti stefndi þó fallist á að koma að einhverju leyti til móts við sjónarmið stefnanda um fjölda starfsmanna og skiptingu þeirra á vaktir, þannig að á morgun-, síðdegis- og kvöldvakt verði starfandi tveir á hverri vakt, en aðeins einn á gæsluvakt.

Starfsmenn flugumferðarstjórnar.

Varðandi þau störf er falla undir flugmálastjórn og um er deilt í málinu byggir stefndi í fyrsta lagi á því að þar sé engin breyting frá áðurgildandi skrá, en öll komi störfin fram í auglýsingu nr. 27/1992 og hafi verið tilgreind þar með sama hætti. Engin rök hafi komið fram af hálfu stefnanda um það að nú skuli fella þessar undanþágur niður og ekkert tilefni til að ætla að umrædd störf séu ekki lengur í þágu nauðsynlegustu öryggisgæslu, en stefnandi beri um það sönnunarbyrði. Telur stefndi að þegar af þessum ástæðum beri að sýkna hann af kröfum stefnanda varðandi þessa kröfuliði.

Stefnandi byggir á því að einungis eigi að sinna nauðsynlegustu öryggisgæslu hvað varðar þjónustu flugmálastjórnar og telji að í því

felist eingöngu öryggi neyðar- og sjúkraflugs. Þessu er alfarið mótmælt af hálfu stefnda, enda fráleitt að telja að neyðar- og sjúkraflug hafi einhverja þá sérstöðu þannig að einungis sé rétt að gæta öryggis þess, en ekki annars flugs. Hér geri stefnandi ekki greinarmun á nauðsyn þess að neyðar- og sjúkraflugi sé haldið uppi og hins vegar að almenns flugöryggis sé gætt. Hinir tilgreindu starfi ekki sérstaklega við neyðar- eða sjúkraflug. Öryggi flugs og flugvalla, sem tilgreindir starfsmenn flugmálastjórnar starfi að, horfi eins við öllum flugsamgöngum og sé skylt samkvæmt lögum að halda uppi þeirri öryggisgæslu. Sé ennfremur skylt að halda þeirri öryggisgæslu uppi þrátt fyrir verkföll, sbr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Sé því fullljóst að þau störf sem tilgreind eru í skránni undir flugmálastjórn falli undir nauðsynlegustu öryggisgæslu, enda ekki um að ræða neitt lægra stig öryggisgæslu. Ef ekki væri haldið uppi nauðsynlegustu öryggisgæslu, væri hún ekki fyrir hendi.

Þá byggir stefnandi einnig á því að nægjanlegt sé að bregðast við sérstökum neyðartilvikum á grundvelli heimildar í 20. gr. laga nr. 94/1986. Því er mótmælt. Stefndi eigi mat um það hvaða störf falli undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna. Flugmálastjórn og sú öryggisgæsla sem sinnt er af hálfu stofnunarinnar sé þess eðlis að lögskylt sé að halda henni uppi og sé nauðsyn starfanna augljós til að tryggt sé öryggi allra samgangna í lofti á íslensku flugumferðarstjórnarsvæði svo og öryggis á öllum flugvöllum. Ókleift sé þannig fyrir flugmálastjórn að bregðast sérstaklega við neyðartilvikum, enda skapist neyð við það eitt að starfseminni sé ekki haldið uppi. Öll störfin sem tilgreind eru undir „Samgönguráðuneyti, Flugmálastjórn“ séu nauðsynleg í því skyni að halda uppi flugöryggi og falla því hiklaust undir nauðsynlegustu öryggisgæslu í skilningi 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Bendir stefndi því til hliðsjónar á dóm Félagsdóms frá 22. maí 1987 í máli nr. 3/1987.

Stefnandi hafi almennt stutt kröfur sínar þeim rökum að tilgreining á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. skuli vera ótvíræð þannig að ekki geti leikið vafi á við hvern sé átt með tilgreiningunni. Hér virðist stefnandi aðeins setja fram álit sitt, en tæpast verði þetta atriði í stefnu skilið svo að um eiginlega málsástæðu sé að ræða, enda í engu vikið að því að vafi sé um það til hvaða starfa skráin nær til. Enginn vafi geti verið uppi um það hvaða störf sé um að ræða. Séu störf nefnd í eintölu sé aðeins um einn starfsmann að ræða, en ella

tákni tölur í svigum augljóslega fjölda þeirra starfa sem undanþæg skuli verkfallsheimild. Í síðara tilvikinu sé það undir yfirstjórn viðkomandi embættis eða stofnunar komið að ákveða hvaða einstaklingar skuli starfa, en augljóst megi vera að löggjafinn hafi ekki gert ráð fyrir að menn, sem vinni sams konar störf, séu nefndir með nafni og kennitölu í skrá sem birta á samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Í öðrum tilvikum þar sem ekki er tilgreindur sérstakur fjöldi starfsmanna nái verkfallsheimild augljóslega til allra þeirra sem hafa með höndum þau störf sem í skránni greinir og ekki geti verið vafi um hver eru.

Í bréfi stefnanda til stefnda, dags. 20. janúar 1995, hafi þess verið farið á leit að við yfirstandandi endurskoðun á gildandi skráum yrði reynt eftir föngum að gera þær skýrari. Við þeirri málaleitan hafi verið orðið. Að því leyti sem ekki komu fram mótmæli af hálfu aðildarfélaga stefnanda innan lögsmæltis frests, eftir að skráin hafi verið birt, verði að túlka það svo að með því hafi þau talið skrána svo skýra sem hún helst geti orðið og óskað var eftir. Þannig telur stefndi ekki unnt að bera fyrir sig óskýrleika í skránni í þessu máli. Vísast hér til Félagsdóms frá 9. desember 1994 í máli nr. 15/1994. Til stuðnings kröfum um málskostnað vísast til XXI. kafla laga nr. 91/1991, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Niðurstaða.

Í samræmi við 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna birti stefndi þann 27. janúar s.l. með auglýsingu nr. 68/1995 í B deild stjórnartíðinda skrá yfir þau störf, er falla að mati stefnda undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna. Á skránni eiga að vera tilteknir þeir starfsmenn eða þau störf sem unnin skulu í hugsanlegu verkfalli opinberra starfsmanna.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 94/1986 er stéttarfélögum, sem eru sammingsaðilar samkvæmt lögnum, heimilt að gera verkfall og eftir 18. gr. laganna tekur það til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitanda, sem verkfall beinist gegn, nema þeim sé óheimilt að gera verkfall samkvæmt lögnum. Í 3. tl. 1. mgr. 19. gr. er hins vegar kveðið á um, að þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu sé óheimilt að taka þátt í verkfalli. Takmarkanir laganna frá þeirri meginreglu að starfsmönnum framangreindra stéttarfélaga sé heimilt að gera verkfall ber að túlka þröngri lögskýringu.

Túlka ber 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 á þann veg að árlega hafi stefnandi átt rétt á að bera fram andmæli við skrá stefnda og skiptir ekki máli í því sambandi hvort stefnandi hefur hreyft andmælum við auglýsingum fyrri ára eða ekki.

Verður nú fjallað um einstakar stofnanir og störf.

Sjávarútvegsráðuneyti:

Fiskistofa.

Veiðieftirlitsmenn (8) (SFR).

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 36/1992 um Fiskistofu skal Fiskistofa annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum. Skal Fiskistofa meðal annars annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála sem og önnur verkefni. Í bréfi Fiskistofu, dags. 5. maí sl., kemur fram að veiðieftirlitsmenn annist eftirlit með framkvæmd laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða og laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og annarra reglna, sem settar eru með stoð í lögum þessum. Markmið slíkra reglna miði að því að hafa eftirlit með skráningu einstakra fiskiskipa, eftirlit með útflutningi og eftirlit með ferðum íslenskra og erlendra fiskiskipa. Til að fiskveiðistjórnunarkerfið nái tilgangi sínum sé nauðsynlegt að fylgst sé með veiðum íslenska fiskiskipaflotans almennt og veiðum, aflakvóta og kvótastöðu einstakra skipa. Í bréfinu eru tíunduð nokkur dæmi um verkefni veiðieftirlitsmannanna, sem talist geti til nauðsynlegustu öryggisgæslu. Óumdeilt er, að störf þessi eru afar mikilvæg til að vernda hin verðmætu fiskimið íslensku þjóðarinnar, en ekkert þessara starfa, sem nefnd eru, geta talist falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu.

Tilgreining veiðieftirlitsmannanna átta, sem stefndi telur að eigi að vera undanþægir verkfallsheimild í auglýsingu nr. 68/1995, vísar ekki til hvaða störfum þeir gegna. Þá hefur stefndi heldur ekki sýnt fram á að störf þessi falli undir nauðsynlegustu öryggisgæslu, sbr. 3. tl. 19. gr. laga 94/1986. Ber því að taka þá kröfu stefnanda til greina að fella starfsheiti þessi út af skrá í auglýsingu nr. 68/1995.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:

Fjórðungssjúkrahúsið Röntgentæknar (0,5) (St. Nesk.).

Neskaupstað.

Fram er komið að við sjúkrahúsið í Neskaupsstað er einn röntgentæknir í fullu starfi, sem er félagsmaður í Starfsmannafélagi Neskaupsstaðar. Fallist er á það með stefnanda að starfsmaður geti ekki verið að hluta til að störfum í verkfalli en að hluta til ekki.

Þegar af þeirri ástæðu ber að fella starfsheiti þessi út af framangreindri skrá.

Sjúkrahúsið Egilsstöðum. Sjúkraliðar (FOSA/SLFÍ)
morgunvakt (6)
gæsluvakt (2).

Fram er komið að við sjúkrahúsið á Egilsstöðum eru átta stöðugildi sjúkraliða. Samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992, sem í gildi var fyrir birtingu núgildandi auglýsingar, náði undanþága frá verkfallsheimild til þeirra allra, en þeir skyldu starfa sem á stórhátíð. Stefndi kveður tilgreiningu á núgildandi skrá miða að nákvæmari tilgreiningu. Svo sem áður greinir lúta undantekningar frá meginreglunni um þátttöku í verkfalli þröngri lögskýringu. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að framangreindar tilgreiningar séu ekki umfram það sem nauðsynlegt er til að hann geti haldið uppi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Þá bera tilgreiningarnar ekki með sér til hvaða starfsmanna þær taka, en upplýst er að sjö þeirra eru félagsmenn í Félagi opinberra starfsmanna á Austurlandi en einn í Sjúkraliðafélagi Íslands. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina og fella framangreindar tilgreiningar út af skrá samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995. Að því er varakröfu stefnda varðar er það ekki á verksviði Félagsdóms að meta hversu margir starfsmenn skulu starfa í verkfalli eða hvernig manna eigi vaktir og búa þannig til nýja skrá, sem tekur til annarra tilgreininga, heldur fyrst og fremst, að skera úr ágreiningi, sem rísa kann um breytingar á skránni, sbr. Félagsdóm í málinu nr. 12/1994 frá 15. nóvember 1994.

Samgönguráðuneyti:

Flugmálastjórn.

Aðstoðarmenn í flugstjórn (FFR).

Undantekningar frá meginreglunni um þátttöku í verkfalli lúta þrengjandi lögskýringu og ber tilgreining á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 að vera nákvæm og ótvíræð þannig að ekki sé réttmætur vafi á við hvern sé átt. Tilgreining þessi vísar ekki til fjölda þeirra starfsmanna sem undanþægir eru verkfalli og er því of víðtæk. Þá hefur stefndi heldur ekki fært sönnur á að allir aðstoðarmenn í flugstjórn sinni störfum sem falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu. Ber því að fella framangreindar tilgreiningar út af framangreindri skrá.

Deildarstjóri loftferðaeftirlits (FFR).

Af gögnum málsins er ljóst að deildarstjórar loftferðaeftirlits eru fleiri en einn. Þeir hafa meðal annars yfirumsjón með öryggiseftirliti og framkvæmd reglugerða er varða búnað og lofthæfi loftfara, framkvæmd flugrekstrar og réttinda- og skýrteinaútgáfu til flugliða. Ekki er ljóst af tilgreiningunni við hvaða deildarstjóra er átt né hvaða starfi hann gegnir. Tilgreiningin er því ekki nægilega skýr. Ber því að fella starfsheitið út af framangreindri skrá.

Eftirlitsmaður flugöryggistækja (FFR).

Af gögnum málsins er ljóst að eftirlitsmenn flugöryggistækja eru fleiri en einn. Ekki er ljóst af tilgreiningunni við hvaða eftirlitsmann er átt né hvaða starfi hann gegnir. Tilgreiningin er því ekki nægilega skýr. Ber því að fella tilgreininguna út af framangreindri skrá.

Eftirlitsmaður vinnuvéla (FFR).

Stefndi hefur hvorki sýnt fram á í hverju starfið er fólgið, né fært sönnur á að starfið falli undir nauðsynlegust öryggisgæslu. Ber því að fella tilgreininguna út af framangreindri skrá.

Flugradíómenn (FFR).

Tilgreining í auglýsingu nr. 68/1995 vísar hvorki til fjölda þeirra starfsmanna sem undanþægir eru verkfalli né hvar þeir eru að störfum og er því of víðtæk. Þá hefur stefndi ekki fært sönnur á að allir flugradíómenn sinni störfum sem falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu. Ber því að fella starfsheitin út af framangreindri skrá.

Flugvallaeftirlitsmenn (FFR).

Tilgreining í auglýsingu nr. 68/1995 vísar ekki til fjölda þeirra starfsmanna sem undanþægir eru verkfalli né hvar þeir eru að störfum og er því of víðtæk. Þá hefur stefndi ekki fært sönnur á að allir flugvallaeftirlitsmenn sinni störfum sem falla undir nauðsynlegust öryggisgæslu. Ber því að fella starfsheitin út af framangreindri skrá.

Flugvallaverðir (FFR).

Tilgreining í auglýsingu nr. 68/1995 vísar hvorki til fjölda þeirra starfsmanna sem undanþægir eru verkfalli né hvar þeir eru að störfum og er því of víðtæk. Þá hefur stefndi ekki fært sönnur á að allir flugvallaverðir, en þeir munu alls vera 21, sinni störfum sem falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu. Ber því að fella starfsheitin út af framangreindri skrá.

Radíóeftirlitsmenn (FFR).

Tilgreining í auglýsingu nr. 68/1995 vísar ekki til fjölda þeirra starfsmanna sem undanþægir eru verkfalli né hvar þeir eru að störfum og er því of víðtæk. Þá hefur stefndi ekki fært sönnur á að allir flugvallaeftirlitsmenn sinni störfum sem falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu. Ber því að fella starfsheitin út af framangreindri skrá.

Umdæmisstjórar (FFR).

Tilgreining í auglýsingu nr. 68/1995 vísar ekki til fjölda þeirra starfsmanna sem undanþægir eru verkfalli og er því of víðtæk. Tilgreiningin er því ekki nægilega skýr. Þá hefur stefndi ekki fært sönnur á að allir umdæmisstjórar sinni störfum sem falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu. Ber því að fella starfsheitin út af framangreindri skrá.

Verkstjóri eftirlitsmanna (FFR).

Stefndi hefur hvorki sýnt fram á í hverju starfið er fólgið né fært sönnur á að starfið falli undir nauðsynlegustu öryggisgæslu. Ber því að fella starfsheitið út af framangreindri skrá.

Yfirverkstjóri (FFR).

Af gögnum málsins er ljóst að yfirverkstjórar eru tveir. Ekki er ljóst af tilgreiningunni við hvaða yfirverkstjóra er átt. Tilgreiningin er því ekki nægilega skýr. Ber því að fella tilgreininguna út af framangreindri skrá.

Með vísan til framanritaðs eru kröfur stefnanda teknar til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst 100.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Kröfur stefnanda, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) f.h. Félags flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR), Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi (FOSA), Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ), Starfsmannafélags Neskaupstaðar (ST.Nesk.) og Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR) eru teknar til greina.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda kr. 100.000 í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i Guðmundar Skaftasonar.

Sóknaraðili málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fyrir hönd fimm aðildarfélaganna sinna. Kröfur félaganna eru þær, að síðar-greind störf verði felld af skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem birt var í B-deild stjórn-artíðinda 27. janúar sl. með auglýsingu nr. 68. Engar varakröfur eru uppi hafðar af hendi félaganna að því er tekur til fjölda starfa undir hverju starfsheiti. Verður nú vikið að kröfum hvers einstaks félags.

Starfsmannafélag ríkisstofnana (SFR).

Krafa félagsins lýtur að því að fella af skránni störf 8 veiðieftirlitsmanna hjá fiskistofu (sjávarútvegsráðuneyti). Störf þessi eru ný á skrá skv. auglýsingu nr. 68.

Samkvæmt gögnum málsins hafa veiðieftirlitsmennirnir með höndum margháttuð eftirlitsstörf bæði á sjó og landi. Sum þeirra virðast þess eðlis, að núverandi stjórnkerfi fiskveiða verði ekki haldið uppi án þeirra. Má þar til nefna eftirlit með vigtun og löndun sjávarafla ásamt fiskflutningum á landi, eftirlit með skráningu afla einstakra skipa og þau hafi nægilegt aflamark til veiða, eftirlit með útflutningi á ónunnum afla, tillögugerð um skyndilokanir og lokanir og opnanir veiðisvæða, eftirlitsferðir með skipum Landhelgisgæslunnar og margt fleira. Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eru 24 og af þeim eru teknir 8 á skrá um undanþágu frá verkfallsheimild. Líta verður svo á, að nokkur hluti af störfum veiðieftirlitsmannanna falli undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986. Þau eru um gagnaöflun, eftirlit og tillögugerð ómissandi tengiliður fyrir sjávarútvegsráðuneytið til að halda uppi núverandi stjórnun fiskveiða. Kröfu stefnda um eftirlitsmenn í verkfalli er því í hóf stillt að því er séð verður af gögnum málsins. Ber því að hafna kröfu stefnanda um að störf þessi falli út af áðurgreindri skrá.

Félag flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR).

Krafa þess félags lýtur að því að fella út af skránni allmörg starfsheiti sem koma fram í kröfugerð þess.

Með dómi Félagsdóms 22. maí 1987 var því slegið föstu, að þeir félagsmenn stefnda (Félagi íslenskra flugumferðastjóra) í því máli „sem starfa sem flugumferðastjórar“ falli fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986. Sömu niðurstöðu er að finna í dóminum

frá 25. september sl. Augljóst má telja, að dómar þessir miða við að haldið sé uppi almennri flugþjónustu á íslensku flugstjórnarsvæði, en ekki einstökum þáttum hennar svo sem sjúkraflugi, leitarflugi o.þ.h. Til þess þyrfti ekki fulla mönnun flugumferðaðþjónustunnar eða um það bil 90 störf. Þó svo að landið kunnir að einangrast af völdum verkfalla stéttarfélaganna, sem ekki eru samningsaðilar ríkisins, þá miða reglur þess um verkfallsrétt þeirra er að flugmálum starfa að því, að til einangrunar landsins í lofti komi ekki jafnframt því sem horft er til alþjóðlegra skuldbindinga. Frá þessu sjónarmiði tel ég að skýra beri reglur um störf manna hjá Flugmálastjórn. Þessi skoðun styðst einnig við það, að þau störf sem hér er deilt um hafa verið á undanþágulistum frá því lög nr. 94 1986 voru sett. Fyrst koma þau fram á starfsheitaskrá, fskj. 2, sem lögð var fram með frumvarpi að lögunum og síðan á hverri þeirri undanþáguskrá er eftir það hefur verið gerð. Ekki verður fallist á, að tilgreining starfsheita á skrá í auglýsingu nr. 68 1995 sé ófullnægjandi, enda er hún alveg samhljóða skrá þeirri er fylgdi lagafrumvarpinu. Við flutning málsins hefur heldur ekki verið sýnt fram á neinar breytingar er réttlæta að fella starfsheitið út af undanþáguskránni. Ber því að hafna kröfu stefnanda þar um.

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi (FOSA)
og Sjúkraliðafélag Íslands (SLFÍ).

Kröfur og viðhorf málsaðila til starfa sjúkraliða á Sjúkrahúsinu á Egilsstöðum greinir í forsendum dómsins.

Í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986 er mælt fyrir um gerð skrár um störf sem falla undir 3.-6. tl. fyrri mgr. greinarinnar. Ágreining málsaðila „um breytingar“ á skránni skal leggja fyrir Félagsdóm, sem sker úr honum til fullnustu. Ég tel að Félagsdómi sé skylt í hverju einstöku tilviki að meta þörfina fyrir þau störf, sem þarf til að fullnægja umræddum 3. tl. 1. mgr. 19. gr. um nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu. Upplýsingar í gögnum málsins um Sjúkrahúsið á Egilsstöðum eru fátæklegar, en þegar litið er til annarra sambærilegra sjúkrahúsanna á skrá skv. auglýsingu nr. 68 1995 sem og mönnun sjúkrahússins í verkfalli samkvæmt fyrri skrá sbr. auglýsingu nr. 27 1992 og annarra opinberra upplýsinga, þá þykir eftir atvikum rétt að undanþiggja verkfallsheimild störf fjöggra sjúkraliða þar af eins á gæsluvakt. Annað leiddi til misræmis við hliðstæðar sjúkrahússtarfsmenn á skránni.

Starfsmannafélag Neskaupstaðar (ST.NESK).

Ágreiningur málsaðila snýst um það, hvort heimilt sé að undanþiggja frá verkfallsheimild störf röntgentæknis að hálfu leyti. Undanþágulistar skv. 2. mgr. 19. gr. fjalla um störf en ekki einstaklinga. Engin ákvæði í lögum sýnast hamla slíkri skiptingu, enda ýmis dæmi um hana á undanþágulistum nú og áður. Ber því að hafna kröfu stefnanda.

Eftir atvikum telst rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 75.000 í málskostnað.

D ó m s o r ð . :

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja f.h. fimm framan-greindra aðildarfélaga sinna að öðru leyti en því, að við Sjúkrahúsið á Egilsstöðum skulu undanþegin verkfallsheimild störf fjöggra sjúkraliða þar af ein gæsluvakt.

Stefnandi greiði stefnda 75.000 krónur í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i

Erlu Jónsdóttur.

Ég er sammála niðurstöðu meirihluta dómsins varðandi kröfur stefnanda vegna Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi (FOSA), Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) og Starfsmannafélags Neskaupsstaðar (ST.NESK.)

Varðandi kröfur stefnanda vegna Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR) og Félags flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR) er ég sammála sératkvæði Guðmundar Skaftasonar. Eftir atvikum tel ég rétt að málskostnaður falli niður.